



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Landlækniseimbættið
Sóttvarnalæknir

STÖÐUSKÝRSLA - JÚLÍ 2009 VIÐBRÖGÐ VEGNA HEIMSFARALDURS INFLÚENSU (H1N1)

Undanfarin ár hefur mikil vinna verið lögð í undirbúning vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu meðal annars með útgáfu Landsáætlunar vegna heimsfaraldurs inflúensu. Fyrstu viðbrögð vegna þess sem nú hefur verið skilgreint sem nýr heimsfaraldur inflúensu voru þann 22. apríl síðstliðinn þegar sóttvarnaráð ræddi upplýsingar frá Bandaríkjunum um að svínaflensa hefði greinst í tveimur börnum í Suður-Karólínu. Börnin tengdust ekki og höfðu ekki haft tengsl við svín. Á morgni 24. apríl hafði móðir íslenskrar stúlku sem dvelur í Mexíkó samband við sóttvarnalækni til að afla frekari upplýsinga um af hverju skólum í höfuðborginni hefði verið lokað vegna óskilgreinds alvarlegs ástands. Upplýsingar tóku að berast inn á alþjóðleg viðvörðunarkerfi sóttvarna um klukkustund eftir að þetta símtal átti sér stað og mátti þá lesa að vart hefði verið við svínaflensu í Texas og Kaliforníu með vægum einkennum. Jafnframt var tilkynnt um hópsýkingar í Mexíkó með alvarlegum inflúensulíkum einkennum í mönnum og hárrí dánartíðni. Fyrsti samráðsfundur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis var haldinn þann 27. apríl og boðað var til blaðamannafundar daginn eftir eða 28. apríl. Á þeim fundi var tilkynnt að Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu hefði verið virkjuð samkvæmt hættustigi. Sama dag voru birtar leiðbeiningar til almennings á vefsíðu almannavarna, www.almannavarnir.is, vefsíðu sóttvarnalæknis, www.landlaeknir.is og á inflúensu síðunni, www.influensa.is sem opnuð var í desember 2007 í kjölfar vinnu við áætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu. Þennan sama dag var einnig haldin fundur með lykilstjórnendum á Keflavíkurflugvelli og fyrstu viðbrögð flugvallaryfivalda ákveðin.

Þann 1. maí var gerður samningur við almannatengslafyrirtækið Athygli um samskipti við fjölmiðla þar á meðal umsjón með fréttatilkynningum.

Þann 29. apríl jók Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) viðbúnaðarstig sitt og færði aðgerðir á 5. stig. Þetta þýddi meðal annars að aðildarþjóðir WHO voru beðnar um að virkja viðbragðsáætlanir sínar. Breyting á viðbúnaði var lítil hér á landi þar sem hér var búið að virkja á hættustigi og það tekur til 4. og 5. stigs hjá WHO.



Upplýsingar um verkefni í fyrstu aðgerðalotu 22. apríl – 25. maí

- Upplýsingamiðlun til almennings. Fyrsta fréttatilkynning var send út þann 27. apríl og fyrsti blaðamannafundur var haldinn þann 28. apríl. Minnt var á ofangreindar vefsíður þar sem birtar voru margvíslegar upplýsingar um handþvott, smitgát, einkenni og annað sem tengdist influensunni. Í fyrstu aðgerðalotu var sérstök áhersla lögð á upplýsingamiðlun til almennings og á þessu tímabili voru 19 fréttatilkynningar sendar sameiginlegar frá sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
- Eftirlit með ferðamönnum, sérstaklega þeim er komu frá Bandaríkjunum og Mexíkó. Í samvinnu við flugmálafirvöld var hlífðargrimum dreift í íslenskar millilandaflugvélar til nota fyrir farþega með tiltekin einkenni, ef þeirra yrði vart. Opnuð var influensumóttaka í Flugstöð Leifs Eiríkssonar undir yfirstjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Landspítala, og komufarþegum boðin rannsókn ef einkenna væri vart.
- Upplýsingagjöf til farþega er komu frá Bandaríkjunum og Mexíkó. Spjöldum var dreift til komufarþega um borð í flugvélum með upplýsingum um influensulík einkenni og hvert væri hægt að leita eftir þjónustu. Ekki var talin ástæða til að takmarka ferðalög til útlanda en frá 28. apríl - 15. maí hvatti sóttvarnalæknir fólk til að fara ekki til Mexíkó nema nauðsyn krefði.
- Upplýsingamiðlun til heilbrigðisþjónustunnar og hvatning um sýnatöku vegna influensulíkra einkenna.
- Þann 30. apríl var hluta veirulyfjalagers dreift til heilbrigðisstofnana og 29.- 30. apríl var hluta hlífðarbúnaðar dreift til sóttvarnasvæða landsins. Mikil vinna fólst í þökkun á hlífðarbúnaði og komu sjálfboðaliðar Landsbjargar að því verkefni. Þann 11. maí kom yfirlýsing frá Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) um lengdan fyrningartíma Tamiflu úr 5 árum í 7 ár.
- Inflúensa var gerð að tilkynningaskyldum sjúkdómi og undirbúningur fyrir rafrænar tilkynningar influensutilfella var hafinn í samvinnu við EMR heilbrigðislausnir. Stefnt var að því að tilkynningar bærust rafrænt til sóttvarnalæknis og áætlað að undirbúningurinn taki þjár vikur.
- Ráðuneytin hófu gerð eigin viðbragðsáætlana til að tryggja órofinn rekstur og skipuðu viðbragðsstjórn ráðuneytanna.
- Erlend sendiráð fengu skýr skilaboð um að þegar erlendra ríkja mundu fá sömu þjónustu og íslenskir ríkisborgarar.
- Könnun á birgðastöðu nauðsynja. Farið var yfir birgðir nauðsynlegra lyfja. Birgðastaða matvæla var könnuð í samvinnu við Matvælastofnun og matvæladreifendur. Birgðastaða eldsneytis var könnuð í samvinnu við dreifendur olíu og eldsneytis.



Á samráðsfundi sóttvarnalækna og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra þann 13. maí var ákveðið að ljúka gerð svæðisáætlana fyrir 10. september. Þessum áætlunum átti að vera lokið fyrir síðustu áramót en það markmið náðist ekki. Verkefninu var ýtt aftur af stað með sameiginlegum fundi sóttvarnalækna umdæma og svæða og lögreglustjóra á Grand hótél þann 25. maí. Þar var kynnt sniðmát svæðisáætlana og farið yfir leiðbeiningar vegna þessa verkefnis. Jafnframt var lögð fram dagskrá að fundum með lykilaðilum í öllum sóttvarnaumdæmum. Fundirnir stóðu yfir frá 2. júní – 1. júlí og þóttu gagnlegir. Auk þessara funda var fundað með fjölmörgum aðilum sem koma að gerð áætlunar vegna heimsfaraldurs influensu.

Þann 23. maí greindist fyrsta tilfelli nýrrar influensu A (H1N1) hér á landi. Um var að ræða ferðamann sem kom frá New York, og veiktist hann tveimur dögum eftir komuna til landsins. Grunur lék á að fleiri gætu verið sýktir en svo reyndist ekki vera. Annað tilfelli nýrrar influensu greindist þann 9. júní og var viðkomandi einstaklingur einnig nýlega kominn frá Bandaríkjunum og veiktist eftir heimkomu. Fylgst var með fjölskyldu hans og fleiri aðilum sem hann hafði átt samneyti við eftir heimkomu og þann 10. júní greindist eiginkona hans einnig með influensuna. Fjórða tilfellið sem greinst hefur hér á landi er talið hafa smitast af framangreindum hjónum. Inflúensueinkennin hafa verið væg og einungis einn einstaklingur var meðhöndlaður með veirulyfi. Enginn einstaklingur hefur hins vegar verið meðhöndlaður með veirulyfjum í fyrirbyggjandi skyni. Ekki varð breyting á viðbúnaðarstigi hér á landi þegar fyrstu tilfelli höfðu greinst og var ástæðan sú að þessi nýi heimsfaraldur var ekki alvarlegri en árleg influensa.

Staða influensufaraldurs þann 8. júlí er á þann veg að samtals hafa tæplega 100 þúsund manns greinst með H1N1 influensu og dauðsföll eru 441, flest í Mexíkó og Bandaríkjunum. Inflúensan er í sókn á suðurhveli jarðar þar sem nú er vetur (heimild: www.ecdc.eu).

Upplýsingar um verkefni í annarri aðgerðalotu 25. maí – 10. júlí.

- Upplýsingamiðlun til almennings. Haldið var áfram að miðla upplýsingum til almennings og voru tveir bæklingar gefnir út af sóttvarnalækni og ríkislögreglustjóra sem beindust að ferðamönnum og almenningi. Þeim var dreift á heilsugæslustöðvar, flugvelli landsins og á ferðaskrifstofur en jafnframt aðgengilegir á www.influensa.is. Fimm fréttatilkynningar voru sendar út sameiginlega á þessu tímabili. Áhersla var lögð á gerð leiðbeininga og fræðsluefnis og var mikið efni vistað á www.influensa.is bæði ætlað almenningi og einnig sniðið sérstaklega að heilbrigðisþjónustuni.



- Almannavarna- og öryggismálaráð kom saman þann 10. júní og fjallaði um viðbúnað hér á landi vegna influensunnar. Á þessum fyrsta fundi ályktaði ráðið um stuðning við aðgerðir almannavarnayfirvalda og sóttvarnalæknis um samhæfð vinnubrögð vegna heimsfaraldurs influensu.
- Tilkynningar á influensutilfellum fóru að berast rafrænt til sóttvarnalæknis.
- Gerð svæðisáætlana. Sameinginlegum fundi lögreglustjóra og sóttvarnalækna umdæma og svæða í Reykjavík þann 25. maí var fylgt eftir með fundum í öllum sóttvarnaumdæmum, samtals 15 fundir og þar voru lykilaðilar allra umdæma virkjaðir til frekari vinnu við gerð viðbragðsáætlana í sínum umdæmum. Á fundunum komu fram fáein vandamál sem þarf að ræða frekar og er þar helst að nefna að ekki falla heilbrigðisumdæmin alls staðar að sóttvarnaumdæmum. (Skilmannahreppur, Reykhólasveit, Fljótin, Vopnafjörður). Áætlað er að svæðisáætlanir verði tilbúnar þann 1. september.
- Áætlanir stofnana og fyrirtækja. Rauði krossinn tók að sér umsjón með áætlanagerð vegna dreifingar nauðsynja, Flugstoðir hófu endurskoðun á áætlunum vegna flugvalla og Samtök fjármálafyrirtækja hófu sína áætlanagerð í samvinnu við fjármálafyrirtækin. Matvælastofnun mun svara fyrirspurnum er varða áætlanir vegna þjónustu við búpening og gæludýr.
- Innri áætlanir ráðuneyta. Lokið var gerð sniðmáts innri áætlana ráðuneyta og vinna hafin í öllum ráðuneytum við gerð innri áætlunar.
- Innri áætlun fyrir Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð. Lokið var við gerð sameiginlegrar áætlunar vegna sóttvarna í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð.

Heimildir:

Farsóttafréttir, 5. árg. 5 tbl. maí 2009

Farsóttafréttir, 5. árg. 6.-7. tbl. júní —júlí 2009

Fréttabréf. Ríkislögreglustjórinn — almannavarnadeild, 3. árg. 2. tbl. júní 2009

Fréttatilkynningar frá sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, 27. apríl —8. júlí 2009

Fundargerðir samráðsfunda sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, 27. apríl —30. júní 2009

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins, www.ecdc.eu

10072009/Im

Stýrihópur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis